

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur í samræmi við 25. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt eftirtaldar deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagi:

Lóð Skátasambands Reykjavíkur við Hafravatn. Nýtt deiliskipulag.

Skipulagssvæðið/lóðin er um 4,8 ha, liggur að Hafravatni suðaustanverðu og er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi. Á skipulaginu eru sýndir byggingarreitir fyrir 8 gistiskála auk byggingarreita fyrir þjónustuhús og opið skýli, og gerð er grein fyrir aðkomu og bílastæðum. Samþykkt skv. 25. gr. 27. janúar 2010.

Háholt 7, Áslákur. Breytingar á deiliskipulagi frá 2003.

Breytingar eru þær að lóð stækkar úr 5.600 í 8.500 m², heimilt verður að hækka núverandi hótélbyggingu um eina hæð og austan hennar verður heimilt að stækka hótél, 2 hæðir og ris með kjallara undir, sem verði að hluta bílageymsla og að hluta salarkynni hótels. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar er 0,6. Samþykkt skv. 26. gr. 27. janúar 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 7. apríl 2010,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. apríl 2010